Ed. **590. Breytingartillögur** [162. mál]

við frv. til l. um verðlagsmál.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:

   Í verðlagsdómi eiga sæti þrír menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og tveir meðdómendur skipaðir af dómsmálaráðherra eftir tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
2. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:

   Ef ágreiningur verður á milli dómara í verðlagsdómi, ræður afl atkvæða úrslitum. Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.